



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, með síðari breytingum, 532. mál.


Samtök iðnaðarins (SI) fagna þeim ásetningi stjórnvalda að heimila notkun þjóðfánans til að markaðssetja íslenska vöru og þjónustu að uppfylltum vissum skilyrðum. Hins vegar telja SI að það markmið breytingarinnar, að gera möguleikann á notkun þjóðfánans til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu aðgengilegri en áður hefur verið, náist ekki nema samtímis verði sett reglugerð sem tekur af öll tvímæli um það hvenær vara telst vera að svo miklu leyti íslensk að notkun fánans sé réttlæt看anleg. Lagafrumvarpið eitt og sér tekur ekki af tvímæli um það.


Í greinargerð með frumvarpinu eru tekin dæmi um vörur sem engum blandast hugur um að séu íslenskar eins og grænmeti sem er ræktað á Íslandi eða kjöt af íslenskum sláturdýrum. Einnig er gert ráð fyrir að heimildin nái til framleiðslu á íslenskri hönnun, s.s. húsgögnum og fatnaði þó úr erlendu hráefni sé. En hvað með íslensk matvæli, önnur en þau sem að ofan eru nefnd, sem eru unnin frá grunni á Íslandi en að hluta eða öllu leyti úr innfluttu hráefni, s.s. unnar kjöt- og mjólkurvörur, íslenskt sælgæti, drykkjarvörur, brauð, kökur og kex, o.fl.? Sama á við um fjöldamargar aðrar vörur sem eru að meira eða minna leyti íslenskar en erfitt hefur reynst að draga mörkin milli. Opinberar stofnanir jafnt sem einkaaðilar hafa í áratugi reynt að svara spurningunni um hvenær vara sé íslensk og hvenær ekki og jafnan gefist upp á að draga þau mörk.

SI taka heils hugar undir að forsenda fyrir notkun íslenska fánans við markaðssetningu sé að það sé ekki gert á röngum forsendum eða á villandi máta. En til þess að komið verði í veg fyrir slíkt þurfa forsendur að liggja fyrir. SI hafa beint þeim tilmælum til félagsmanna sinna að þegar þeir auglýsa vöru sem íslenska taki þeir fram að hvaða leyti varan er íslensk, t.d. framleidd á Íslandi, hönnuð á Íslandi o.s.frv. Það er ein leið til að koma í veg fyrir villandi upplýsingar.

SI telja að til að koma í veg fyrir ágreining verði ekki hjá því komist að í reglugerð sé leitast við að eyða óvissu um hvenær vara telst að það miklu leyti íslensk að notkun fánans sé réttlæt看anleg við markaðssetningu hennar. Í reglugerðinni verður að skilgreina hvað felst í hugtakinu að vera íslensk að uppruna.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson,
framkvæmdastjóri


Rakel Pálsdóttir,
forstöðumaður almannatengsla